Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Kaupmannasamtaka Íslands aðalfundir 27. febrúar 1975 til 9. mars 1978

Kaupmannasamtök Íslands – Aðalfundur - Aðalfundargerðir


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is


Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A – Fundargerðir
Askja 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

KÍ · AÐALF '81

EKAHA

Kaupmannasamtök Ísl.

Aðalfundir frá 1981–

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARINNAR • 103 REYKJAVÍK
Kt. 680169-2929 • Sími 568-7811

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

EKAHA-GESCHÄFTSBUCH

EKAHA ESSELTE EKAHA Hannover 4150

4150 = A 4 liniert 96 Blatt
NACHBESTELL- UND KONTROLLABSCHNITT

FIRMA

Für Nachbestellung und bei Reklamation diesen Abschnitt abtrennen und Ihrem Händler einsenden

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

# Aðalfundur 1981.

Ár 1981, fimmtudag 19. mars var 31. aðalfundur Kaupmannasamtaka Íslands haldinn að Hótel Sögu í Reykjavík.
Formaður Kaupmannasamtakanna, Gunnar Snorrason setti fundinn kl. 10 árdegis, og voru þá um sjötíu fulltrúar mættir.
Formaður gat þess um leið og hann bauð fundarmenn velkomna, að fulltrúar frá mörgum stöðum úti á landi voru veðurtepptir og óvíst að þeir kæmust til fundarins.
Formaður tilnefndi Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Jón I. Bjarnason og Jóhönnu B. Aðalsteinsdóttur fundarritara, og tóku þau til starfa.
Fundarstjóri las auglýsingar um fundinn og sagði hann löglegan og mótmælti því enginn.
Þá var gengið til dagskrár og fyrir tekið:
I. Ræða formanns.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

formaður Gunnar Snorrason tók til máls og flutti yfirlitsræðu um þróun smásöluverzlunarinnar á s.l. ári. Efni ræðunnar verður ekki fært til bókar frekar hér, en vísað til segulbandsupptöku.
Formaður lauk ræðu sinni með því að þakka samstarfsmönnum sínum í framkvæmdastjórn, fulltrúaráði og ýmsum nefndum sem starfað hafa. Þá þakkaði hann félagsmönnum úti á landi fyrir frábæra þátttöku vegna fundarhalda, og að síðustu þakkaði hann starfsfólki á skrifstofu samtakanna og sérstaklega framkvæmdastjóranum Magnúsi E. Finnssyni fyrir gott samstarf.

II. Skýrsla framkvæmdastjóra.
Framkvæmdastjóri Magnús E. Finnsson flutti skýrsluna og rakti þar starfsemi Kaupmannasamtakanna á s.l. ári.



Sérstaklega tók hann til umræðu breytingar á lokunartímareglugerð fyrir Reykjavíkurborg, störf nefndar sem vinnur að samræmingu á lokunartíma verzlana um land allt, söluskattsinnheimtu og [illegible] h.f. fyrir að fá endurgreiddan þann kostnað sem af innheimtunni hlýst, aðgerðir til styrktar dreifbýlisverzluninni, gjaldmiðilsbreytinguna, nýja kjarasamninga, námskeiðahald, Samtökin viðskipti og verzlun, útlánaviðskiptamál, Verzlunartíðindi, fréttabréf, starfsemi stofnlánasjóðs, skattalögin og mótmæli við 59 gr. laganna, norræna kaupmannaráðstefnu, byggingu Húss verzlunarinnar, lækkun á rafmagnsverði til verzlana, endurskoðun á lögum um verzlunaratvinnu, frjálsa álagningu og uppfærslu vörubirgða til markaðsverðs, starf Skipulagsstofnunar höfuðborgarsvæðisins.
Efni skýrslu framkvæmdastjóra verður ekki frekar bókað hér en vísað til segulbandsupp-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

tóku. Framkvæmdastjóri lauk máli sínu með því að þakka gott samstarf við framkvæmdastjórn og félagsmenn samtakanna svo og starfsfólk skrifstofunnar.

III. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar Kaupmannasamtakanna fyrir árið 1980. Gjaldkeri samtakanna Ásgeir S. Ásgeirsson lagði fram og las reikningana, sem voru endurskoðaðir og áritaðir af endurskoðendum.

IV. Frjálsar umræður um ræðu formanns, skýrslu framkvæmdastjóra og reikningana. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri reikningana undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

V. Greinargerð fulltrúa K.Í. í Verslunarbanka Íslands hf. Í forföllum Leifs Ísleifssonar og Þorvaldar Guðmundssonar flutti Höskuldur Ólafsson skýrslu um starfsemi bankans s.l. ár. og kom þar m.a. fram að hlutur bankans er stór í lánum til verslunarinnar og hlutfallslega er hann stærri en hjá öðrum bönkum.

VI. Greinargerð fulltrúa K.Í. í stjórn lífeyrissjóðs verslunarmanna.
Gunnar Snorrason fulltrúi K.Í. í stjórn sjóðsins flutti skýrsluna og rakti þar það helsta í starfsemi sjóðsins.
Gunnar lauk máli sínu með því að taka undir orð Höskuldar Ólafssonar bankastjóra um að gott samstarf væri á milli Verslunarbankans og lífeyrissjóðsins.

VII. Frjálsar umræður.
Gunnar Hjaltason gerði fyrirspurn um innheimtu félagsgjalda. Framkvæmdastjóri Magnús E. Finnsson svaraði fyrirspurninni.
Kolbeinn I. Kristinsson tók til máls og ræddi um verslunarhætti í dreifbýlinu.

Hann nefndi dæmi um hvernig
kaupfélög gæfu afslátt þótt
þau væru rekin með tapi.
Árndís Björnsdóttir tók til máls
og spurði á hvaða rökum
væri byggt að leyfa frjálsa
álagningu á örfáum
vörutegundum.
Hún spurði hvort að ríkið væri
að mynda þarna forréttinda-
hóp meðal kaupmanna.
Ólafur Björnsson tók til máls.
og gerði fyrirspurn um
gjaldeyrisréttindi, fyrir
Verzlunarbanka Íslands hf.
svo og félagasamtökum.
Magnús E. Finnsson tók til máls
og svaraði fyrirspurn Andísar
og sagði m.a. Kaupmanna-
samtökin gætu ekki sett sig
á móti þegar örlaði á
því hjá stjórnvöldum að
gefa vöruflokka frjálsa.
Engin rök sagðist hann
hafa séð fyrir því hvers
vegna varahlutir í bíla o.fl.
væru gefnir frjálsir.
Ásgeir S. Ásgeirsson spurði
hvernig útibúi Verzlunar-
bankans gengi við Umferðarmiðstöðina.
Höskuldur Ólafsson svaraði fyrir-
spurn Ólafs Björnssonar um



gjaldeyrissöluleyfi fyrir Verzl-
unarbankann. Svo og fyrir-
spurn Ásgeirs S. Ásgeirssonar.
Gunnar Snorrason tók til máls
og ræddi fyrirspurn Árndísar
Björnsdóttur og sagðist vera
sammála henni og einnig
Magnúsi E. Finnssyni um að
erfitt væri að leggjast á
móti því að einstaka vöru
flokkar væru gefnir frjálsir
Að svo búnu gerði fundar-
stjóri matarhlé.
Að afloknu matarhléi
var fundur settur á ný.
Fundarstjóri bauð við-
skiptaráðherra Tómas
Árnason og ráðuneytis-
stjórann, Þórhall Ásgeirsson,
velkomna og gaf svo
ráðherranum orðið, og
flutti hann ræðu
og fjallaði um af-
komu verzlunarinnar
á s.l. ári.
Þá fór ráðherra nokkrum
almennum orðum um
efnahagsmálin, og sagði
stöðu þeirra góða saman-
borið við það sem er hjá
ýmsum nágrannaþjóðum.
Ræða ráðherrans er tekin upp á
segulband og vísast til þess.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

Að erindinu loknu ræðu ráðherra tók Gunnar Snorrason til máls og bar fram fyrirspurn um uppfærslu vörubirgða, og breytingar á verzlunarlöggjöfinni og „Hvað gerist 1. maí n.k.“
Næst tók til máls Arndís Björnsdóttir og bar fram fyrirspurn um frjálsa álagningu, innheimtu söluskatts.
Þá tók til máls Jón Júlíusson og ræddi um hömlum á smásöluálagningu á Norðurlöndunum, og spurði hvort ekki mætti reyna að fá niðurstöður hennar birtar.
Gunnar Hjaltason tók til máls og spurði ráðherra um flutninga Ríkisskips til Reyðarfjarðar o.fl.
Árni Jónsson spurði um hvort ráðherra væri fylgjandi að sett yrðu lög um lokunartíma verzlana.
Ólafur Björnsson spurði um hvort ráðherra væri fylgjandi lögbundinni aðild að K.Í.
Óskar Jóhannsson spurði um verðlagsbrot og málsmeðferð þeirra.
Næst tók til máls Árni Árnason framkvæmdastjóri Verzlunarráðs Íslands og ræddi um endurmat vörulagera í verzlunum, og starfshætti Verðlagsráðs og einstakra ráðherra varðandi ráðið.
Viðskiptaráðherra tók nú til máls og svaraði fyrirspurnum. Hann sagði að þokast hefði fram á við í uppfærslu lagera verzlana og sagðist vona að þetta mál yrði brátt í höfn. Um löggjöf um verzlunaratvinnu sagðist hann ætla að skipa nefnd í málið.
Hvað varðaði efnahagsaðgerðir 1. maí sagðist hann ekki geta sagt, en þá félli verðstöðvunin niður. Þá væri verið að fjalla um aðgerðir nú í ríkisstjórninni. Ráðherrann sagðist vera fylgjandi frjálsri álagningu. Samkeppnin væri fyrir hendi þar sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

samvinnuverzlunin væri annars vegar en hins vegar einkaverzlunin.
Ráðherrann sagðist telja sanngjarnt að verzlunin fengi innheimtulaun fyrir innheimtu söluskatts. Hann sagðist ekkert vita um skýrslu um álagningu í smásölu á hinum norðurlöndunum.
Ráðherrann sagði að það ætti alls ekki að auka ~~álögur~~ eða skatta á smásöluverzlun.
Hann sagðist gjarnan vilja skoða tillögur að lokunartímalögum fyrir landið allt.
Hann sagðist ekki vera viss um að setja ætti löggjöf sem að allar verzlanir yrðu aðilar að K.Í.
Þá ræddi hann um „[illegible]" og sagði að þar væri ekki hart gengið fram í rannsóknum og dómum.
Að lokum þakkaði ráðherra fyrirspyrjendum og óskaði kaupmönnum velfarnaðar, og vék því næst af fundi.

VIII Kosningar.
a.) Formaður K.Í. til eins árs. Gunnar Snorrason var einróma endurkjörinn.
b.) Varaformaður K.Í. til eins árs. Þorvaldur Guðmundsson var einróma endurkjörinn.
c.) Endurskoðendur. Endurkjörnir voru Reynir Sigurðsson og Emil Th. Guðjónsson og til vara Jónas Gunnarsson og N-Manscher og Co.

IX Tillaga til lagabreytinga.
Fundarstjóri las tillögu Árna Jónssonar ásamt greinargerð.
Tillagan hljóðar svo:
„Til viðbótar við 27. gr. komi eftirfarandi málsgrein: Ekki getur nema einn fulltrúi frá hverju sérgreinafélagi innan K.Í. setið samtímis í framkvæmdastjórn."
Gunnar Hjaltason tók til máls og lagði til að tillagan yrði felld í sama streng tók Ólafur Björnsson og Hörður Pétursson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

Hörður sagði m.a. að eins og tillagan væri orðuð væri hún óframkvæmanleg og stakk uppá því að tillögunni yrði vísað frá.
Magnús E. Finnsson framkvæmdastjóri tók til máls og sagði að starfsfólk og framkvæmdastjórn samtakanna ynnu að öllum málefnum sem fyrir kæmu innan samtakanna á hlutlausan hátt og hefðu alltaf gert.
Árni Jónsson tók til máls og færði rök fyrir tillögu sinni. Hann sagði m.a. að Kaupmannasamtökin væru að liðast sundur vegna þess að þau væru fyrst og fremst samtök matvöru og kjötkaupmanna.
Um starfsfólkið sagði hann að það ynni vel en einhæfingin vegna dugnaðar félags matvöru og kjötkaupmanna væri of mikil. Árni mótmælti því að með greinargerð



tillögunnar væri hann að ráðast á starfsfólkið, en matvörukaupmenn ættu ekki að sitja í flestum stöðum í framkvæmdastjórn.
Gunnar Snorrason tók til máls og þakkaði það traust sem honum var vottað með endurkjörinu. Hann sagðist vera á móti tillögu Árna. Fulltrúaráðið veldi þrjá menn í framkvæmdastjórn og vonandi veldi það hæfustu mennina eða a.m.k. þá sem hefðu tíma til að sinna málefnunum.
Hann sagðist vera sammála Árna um það að framkvæmdastjórnin ætti að vera á sem breiðustum grunni.
Ómar Hauksson tók til máls og sagðist vera sammála frávísun á tillögu Árna.
Fundarstjóri bar nú upp frávísunartillögu Harðar Péturssonar og var hún samþykkt með yfirgnæfandi atkvæða-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

magni.

X. Önnur mál.
Tillögur og ályktanir.
Formaður Gunnar Snorrason las drög að ályktun fundarins og er hún í sjö liðum.
Ályktunin var samþykkt með öllum þorra atkvæða eins og formaður lagði hana fram.
Arndís Björnsdóttir tók til máls og ræddi um breytingar á árgjöldum til K.Í. og lagði til að þak yrði sett á 2% og miðað t.d. við laun 15 manna.
Gunnar Snorrason sagðist telja nákvæmlega yrði fjallað um nýtt árgjaldafyrirkomulag í nýju stjórninni framkvæmdastjórn og yrði þá ábending Arndísar skoðuð.
Fleira var ekki tekið fyrir fundi slitið

Hreinn Sumarliðason
fundarstjóri
Jón I. Bjarnason
fundarritari.



Ár 1981, miðvikudag 2. des. var fundur haldinn í laganefnd Kaupmannasamtaka Íslands, að Marargötu 2.
Mættir voru Sveinn Snorrason og Magnús E. Finnsson, auk ritara nefndarinnar Jóns I. Bjarnasonar.
Í upphafi fundar lagði M.E.F. fram eftirfarandi til umræðu og athugunar:
1. Almenn skoðun á orðalagi laganna með tilliti til breyttra tíma og þjóðfélagshátta.
2. Breyting á félagsgjöldum og innheimtukerfi.
a) Hundraðshluti af launagreiðslum í stað fastrar upphæðar.
b.) Heimilt verði að fela t.d. lífeyrissjóði verzlunarmanna að innheimta félagsgjöldin gegn sanngjarni þóknun.
3. Hugsanl. breyting á atkvæðisrétti, þ.e. að hann verði í hlutfalli við greiðslu félagsgjalda.
4. Aðalfundur verði almennur fundur í stað fulltrúafundar, - kosningar.
5. Afsláttur af félagsgjöldum verði heimill, þ.e. til kaupmannafélaga (samanber

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

Kaupmannafélag Akureyrar)
6. Fundafjöldi, - fulltrúaráð, - framkvæmdastjórn.
(29. gr.)
Nokkrar umræður urðu um þessi atriði og ákveðið var að halda fljótlega nefndarfund eftir ársmót.
Jón F. Björnsson fundarritari.

[illegible] [illegible]



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands